

## ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Framtíðarhúsnæði fyrir Könnunarsafnið á Húsavík
Markmið	<p>Markmið verkefnisins er að tryggja áframhald reksturs Könnunarsafnsins á Húsavík í stærra og hentugra húsnæði og jafnframt að skapa starfsfólki Fasteignafélags Húsavíkur verkefni við uppsetningu safnsins og tryggja þannig störf þeirra næstu mánuði á erfiðum tímum.</p>
<p>Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)</p>	<p>Fasteignafélag Húsavíkur ehf sækir um styrk til flutnings og uppsetningar Könnunarsafnsins í stærra og hentugra húsnæði í fasteigninni Höfða 24C og í hluta fasteignarinnar Höfða 24D á Húsavík, en húsin eru sambyggð.</p> <p>Jafnframt tekur Fasteignafélag Húsavíkur tímabundið yfir rekstur Könnunarsafnsins vegna núverandi ástands og leggur rekstrinum til hið nýja húsnæði án endurgjalds út árið 2021 og leggur 1.285.000 kr. fjárframlag í verkefnið auk frekari aðstoðar við að tryggja starfsemi safnsins á síðari stigum.</p> <p>Fasteignafélagið keypti húsnæðið Höfða 24C árið 2018 með það að markmiði að byggja við hótél félagsins. Nú er ljóst að af þeim áformum verður ekki og jafnframt að starfsfólk félagsins verður verkefnalítið næstu mánuði. Þetta verkefni skapar þannig starfsfólki okkar vinnu á samdráttartímum, en auk þess munu 4 aðstandendur verkefnisins leggja til mikla sjálfboðavinnu til að láta það ganga upp fjárhagslega.</p> <p>Könnunarsafnið hefur áður fengið styrk úr Uppbyggingarsjóði til hönnunar á nýju sýningarrými í fyrirhugaðri viðbyggingu við núverandi húsnæði safnsins að Héðinsbraut 3a, sem og styrk til hönnunar á sýningu í það rými. Þeirri hönnunarvinnu og hönnun sýningarinnar er lokið, en nú er orðið ljóst að ekki verður hægt að reisa þá viðbyggingu og líklegt að safnafélagið missi núverandi húsnæði að Héðinsbraut 3a frá sér.</p> <p>Það er vilji okkar að tryggja að safnið geti starfað áfram og að nýta þá miklu vinnu sem þegar hefur verið lögð í að hanna og semja nýja sýningu með því að flytja safnið í örugga höfn. Hið nýja húsrými safnsins að Höfða 24 er samtals 404 fermetrar (334 fm sýningarrými, 20 fm starfsmanna- og skrifstofurými og 50 fm safngeymslu- og vinnurými) en safnið var áður í 287 fermetrum með alla starfssemi sína. Sú vinna sem þegar er búið að vinna, m.a. með stuðningi Uppbyggingarsjóðs undanfarin ár, mun með smávægilegum breytingum nýtast í að koma safninu upp í hinu nýja húsnæði að Höfða 24. Með tilkomu Sjóbaðanna á Húsavíkurhöfða er hin nýja staðsetning jafnframt komin í alfaraleið ferðafólks á Húsavík.</p> <p>Loks tryggir þessi flutningur enn frekar starfssemi safnsins því á nýjum stað verða mikil samlegðaráhrif í mönnun móttöku með annari ferðaþjónustustarfsemi sem er í sambyggðu húsnæði, sem tryggir að safnið geti verið með fasta opnunartíma allt árið, en hingað til hefur það aðeins verið opið á sumartíma og eftir samkomulagi á vetrartíma.</p>

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Framkvæmdaaðili	Fasteignafélag Húsavíkur ehf.
Samstarfsaðilar	Könnunarsögusafnið ehf. Félagið er eigandi safnmuna og leggur þá inn í verkefni, en engin starfssemi verður í því félagi út árið 2021. Stefnt er að því að félagið taki við rekstri safnsins á ný í upphafi árs 2022 ef aðstæður verða eðlilegar.
Tengsl við sóknaráætlun	Tengt verkefni sem snéri að hönnun þeirra sýningar sem þarna færi inn hefur þegar hlotið stuðning úr Uppbyggingarsjóði og hefur verið lokið.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	Starfssemi Könnunarsafnsins styður við UN markmið 9.5 með aðkomu að tveimur vísindarannsóknum hér á landi auk þess sem safnið tekur reglulega á móti rannsóknarhópum. Þá styður starfið við UN markmið 11.4 um menningararfleið. Þá vinnur safnið náið með The Explorers Club í Bandaríkjunum sem hefur beitt sér mjög fyrir UN markmiðum 14 og 15.
Árangursmælikvarðar	Fjöldi gesta, fjöldi skólahópa, fjöldi rannsóknarhópa, fjöldi umfjallana í fjölmiðlum.
Lokaferð (hver verður lokaferð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Öflugt safn sem hefur tryggt húsnæði og getu til að vera opið allan ársins hring og stendur áfram eins og áður fyrir fjölmörgum viðburðum og fyrirlesturum ár hvert og stuðlar þannig að fjölbreyttari menningu og fræðastarfi á svæðinu.  Safnið hefur á undanförunum árum fengið yfir 50 umfjallanir í erlendum miðlum, sem er mikið verðmæti fyrir ferðaþjónustu svæðisins. Stjórnvöld hafa síðustu vikur leitað til okkar með aðkomu að kynningarefni vegna núverandi ástands og verður m.a. útsending frá Húsavík n.k. mánudag á vef Iceland Naturally sem er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia og stórra aðila í ferðaþjónustu.  Eins og hingað til mun safnið taka á móti hundruðum skóla- og leikskólabarna ár hvert án endurgjalds í safnfræðslu.
Upphaf og lok verkefnis	Undirbúningur er þegar kominn vel af stað, en mestur þungi verður í verkefninu í júní, júlí, ágúst og september. Safnið yrði opið í vetur ef aðstæður eru til slíks en formleg opnun færi fram 20. maí 2021, á tíu ára afmæli safnsins.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	4.435.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	2.000.000 kr.
Mótframlag (ef við á)	1.285.000 kr. mótframlag Fasteignafélags Húsavíkur ehf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Auk þessa var sótt um styrk að fjárhæð 1.150.000 kr. til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna þessa verkefnis þann 28.04.2020.